



Minnisblað

Til: Forsætisnefndar
Frá Bæjarlögmanni
Dags. 5. nóvember 2024
Efni: Samskipti kjörinna fulltrúa við starfsfólk.

Að beiðni forsætisnefndar hefur undirrituð tekið saman helstu reglur sveitarstjórnarlaga og Kópavogsbæjar er lúta að samskiptum kjörinna fulltrúa við starfsfólk Kópavogsbæjar. Þá er óskað eftir að fjalla verði sérstaklega um hvort samskiptareglur hafi verið brotnar í samskiptum bæjarfulltrúa Theodóru S. Þorsteinsdóttur við forstöðumann Roðasala í kjölfar ákvörðunar bæjarstjórnar um að endurnýja ekki samning um rekstur Roðasala.

Um samskipti kjörinna fulltrúa við starfsfólk sveitarfélagsins.

Sérhver bæjarfulltrúi verður, til að geta rækt skyldur sínar sem sveitarstjórnarmaður, að hafa góðan aðgang að gögnum og upplýsingum úr stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Um aðgang bæjarfulltrúa að gögnum er fjallað í sveitarstjórnarlögum. Í 1. mgr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um að vegna starfa sinna í sveitarstjórn eigi sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn. Í 2. mgr. 28. gr. er jafnframt kveðið á um að sveitarstjórnarmaður skulu hafa eðlilegan aðgang að skrifstofum og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Í 3. mgr. 28. gr. segir að sveitarstjórn skuli í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins mæla nánar fyrir um rétt sveitarstjórnarmanna til að fá afhent afrit gagna sem falla undir 1. mgr. og um framkvæmd aðgangs að skrifstofum skv. 2. mgr.

Samkvæmt bæjarmálasamþykkt Kópavogs skal beiðni um gögn og upplýsingar beint til skrifstofu bæjarfélagsins. Tiltaka skal hvaða gögnum óskað er eftir og/eða um hvaða málefni þau fjalla. Miða skal við að aðgangur sé veittur innan 5 daga frá móttöku beiðninnar.

Sú hefð hefur skapast að óski bæjarfulltrúar eftir að samin verði sérstök greinargerð eða umsögn um tiltekið efni að beiðni um slíkt sé lög fyrir bæjarráð sem taki ákörðun um hvort við því verði orðið og hvaða embættismanni sé farið að vinna greinargerðina.

Í engum tilvikum er bæjarráðsfulltrúa eða öðrum kjörnum fulltrúum heimilt að setja sig beint í samband við einstaka embættismenn eða starfsfólk, aðra en sviðstjóra og bæjarstjóra. Um



Þetta er sérstaklega fjallað í reglum um um ábyrgð og starfshætti ráðinna stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna við stjórnsýslu Kópavogsbæjar sem samþykkt voru af Bæjarstjórn Kópavogs þann 10. janúar 2012 reglur.

Þar segir í 4. kafla um um samskipti kjörinna fulltrúa og starfsmanna.

Bæjarstjóri er yfirmaður stjórnsýslu bæjarins og alls starfsliðs. Kjörnir fulltrúar hafa ekki boðvald yfir starfsmönnum og skulu ekki hafa áhrif á störf þeirra eða ákvarðanir með neinum hætti. Tengill kjörinna fulltrúa við starfsmenn bæjarins er bæjarstjóri og sviðsstjóri hvers sviðs. Samskipti kjörinna fulltrúa og stjórnsýslu skulu miðast við skilgreinda tengiliði hvers málaflokks, nema sérstaklega sé kveðið á um annað með sérstökum samþykktum nefnda og ráða bæjarins, enda skuli það tengjast afmörkuðum verkefnum sem eru í vinnslu. Kjörnum fulltrúum er óheimilt að reka erindi bæjarbúa við einstaka starfsmenn og vilji kjörinn fulltrúi koma máli í farveg skal það gert innan viðkomandi nefndar eða fyrir milligöngu bæjarstjóra eða viðkomandi sviðsstjóra og þá í samráði við bæjarstjóra.

Bæjarfulltrúum og ef þurfa þykir einstaka nefndarmönnum er óheimilt að kalla eftir upplýsingum um einstaka mál nema í samráði við bæjarstjóra og viðkomandi sviðsstjóra. Óski bæjarfulltrúar eftir sérstökum upplýsingum um tiltekin mál skal hann fylgja verklagsreglum vegna aðgengis bæjarfulltrúa að gögnum Kópavogsbæjar

Meint brot á reglum um ábyrgð og starfshætti stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna við stjórnsýslu Kópavogsbæjar

Með tölvupósti þann 28. október sl. greindi sviðsstjóri velferðarsviðs bæjarstjóra frá því að bæjarfulltrúinn Theodóra S. Þorsteinsdóttir hefði haft samband við forstöðumann Roðasala og beðið hann um greinargerð um Roðasali og stöðuna þar vegna fyrirhugaðrar lokunar.

Það að bæjarfulltrúi setji sig í samband við starfsfólk og óski eftir upplýsingum og jafnvel gögnum frá þeim er með vísan til ákvæðis 4. kafla í reglum um um ábyrgð og starfshætti ráðinna stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna við stjórnsýslu Kópavogsbæjar ekki heimilt. Bæjarfulltrúum er óheimilt að kalla eftir upplýsingum um einstaka mál nema í samráði við bæjarstjóra og viðkomandi sviðsstjóra.

Siðareglur kjörinna fulltrúa

Siðarreglur kjörinna fulltrúa voru samþykktar í bæjarstjórn Kópavogs þann 27. janúar 2015. Allir bæjarfulltrúar hafa gengist undir að hlíta þeim. Forsætisnefnd sker úr um hvort siðareglur hafi verið brotnar. Leiki grunur á að kjörinn fulltrúi hafi brotið ákvæði reglnanna tekur forsætisnefnd málið til umfjöllunar. Þau atkvæði siðareglanna sem helst kæmu til skoðunar í þessu tilviki eru ákvæði 10. gr. sem fjallar um skyldu kjörinna fulltrúar til að virða



hlutverk starfsmanna, ákvæði 4. gr. um valdmörk og að lokum ákvæði 2. gr. þar sem segir að kjörnir fulltrúar skuli fylgja samþykktum sveitarfélagsins.

Ása A. Kristjánsdóttir
bæjarlögmaður